

REGLUR

um notkun öryggisbelta í bifreiðum.

1. gr.

Hver sá, sem situr í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti, skal nota það við akstur á vegum.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda ekki:

1. Um akstur aftur á bak.
2. Um akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar, viðgerðarverkstæði eða við svipaðar aðstæður.
3. Þegar hlutaðeigandi hefur meðferðis læknisvottorð, er undanþiggur hann notkun öryggisbeltis af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.
4. Í leigubifreiðum til mannflutninga.
5. Um akstur í atvinnuskyni þar sem hraði er jafnan lítill og ökumaður þarf að fara úr og í bifreiðina með stuttu millibili.
6. Um akstur lögreglumanna við flutning handtekinna manna eða annarra, sem hætta kann að stafa af, og við sérstaka öryggisgæslu.
7. Við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 64. gr. a umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 29. maí 1981, öðlast gildi 1. október 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. september 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.